

31. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn mánudaginn 16. september 2019 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Jóhann Friðrik Friðriksson, fulltrúi Keilis
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Breytingar í stjórn

Daniel Coaten og Hjálmar Árnason sem voru aðal- og varafulltrúi Keilis í stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja hafa látið af störfum hjá Keili. Nýr aðalmaður er Jóhann Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri Keilis og varamaður er Sigrún Svafa Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Keili. Jóna Rut Jónsdóttir, aðalfulltrúi SSS í stjórn, hefur óskað eftir því að hætta og verður nýr fulltrúi skipaður fljótlega.

2. Fundir og uppákomur

Forstöðumaður sagði frá fundum og uppákomum síðustu mánaða. Má þar nefna þátttöku í Geopark viku og Sandgerðisdögum, heimsóknum skólahópa og vísindamanna, samstarf við Virginia Institute of Marine Science, skipulagningu starfsgreinakynningar fyrir grunnskólanemendur sem haldin verður miðvikudaginn 16. október, ársfund þekkingarsetra og sambærilegra stofnana og fræðsluerindið Hvert fara kjóarnir? sem haldið verður 23. október í samstarfi við MSS og Fuglavernd.

3. INTERACT

Forstöðumaður sagði frá vinnu innan INTERACT samtakanna sem setrið er aðili að. Það lítur út fyrir að verkefnið fái áframhaldandi styrk til fjögurra ára úr Horizon 2020 sjóðnum og mun Þekkingarsetrið áfram bjóða upp á aðgang að rannsóknaaðstöðunni fyrir vísindamenn. Í ár

komu þrjú hópar og er opið fyrir umsóknir vegna heimsóknna næsta árs. Forstöðumaður sótti ársfund INTERACT sem haldinn var í Vindeln í Svíþjóð í síðustu viku og var hann bæði gagnlegur og skemmtilegur.

4. Gestafjöldi á árinu

Farið var yfir gestafjölda sem heimsótt hafa sýningar Þekkingarsetursins það sem af er ári. Sýningar eru lokaðar yfir vetrartímann nema fyrir hópa sem þanta heimsókn. Alls hafa tæplega 2.400 manns heimsótt sýningarnar og rúmlega helmingur þess fjölda eru skólahópar eða um 1.250 manns. Erlendum ferðamönnum í hópi gesta hefur fækkað á milli ára.

5. Stefna Þekkingarsetursins

Stefnu Þekkingarsetursins sem unnin var fljótlega eftir að það hóf starfsemi, var dreift til stjórnarmanna. Ákveðið var að taka hana til skoðunar á næsta fundi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál. Næsti fundur verður mánudaginn 18. nóvember kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 16:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Jóhann Friðrik Friðriksson - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Þorvaldur Örn Árnason - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign